

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps,
Höfðaflatar, efnistökusvæði, Bláskógabyggð.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 23. júlí 2015 breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar 26. júní 2015.

Í breytingunni felst að opnu óbyggðu svæði er breytt í 2,4 ha efnistökusvæði fyrir allt að 30.000 m³ efnistöku.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 23. júlí 2015.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Guðrún Halla Gunnarsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 7. ágúst 2015